

Mál nr. 24/2016

Ár 2017, þriðjudaginn 18. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 24/2016

X

Y

Z

gegn

þ

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 5. september 2016 var lögð fram kæra á hendur kærðu (þ) fyrir meint brot á grundvallarreglum fyrir félagsmenn í Hundaræktarfélagi Íslands (HRFÍ) grein 1.3. sem tóku gildi 1. júní 2014 og 21. grein sýningarreglna HRÍ. Ennfremur var óskað eftir áliti siðanefndar vegna meintra brota kærðu á 28. grein sýningareglna. En meint brot að mati kæranda áttu sér stað á sýningu félagsins dagana 23. og 24. júlí 2016.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 12. september 2016 og henni gefinn frestur til að skila inn andmælum fyrir 11. október. Svar dagsett 12. september barst siðanefnd og var það sent kærendum til umsagnar, sem ekki svöruðu málefnalega og þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er málið varðaði væru fram komin var ákveðið að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendum gögnum kæranda má sjá á skjáskotum af Facebook-síðu kærðu frá laugardeginum 23. júlí 2016 kl. 13:41, að kærða hafi birt færslu um gott gengi hunda sinna, ásamt mynd af hundunum og sýnendum þeirra, auk þess að merkja viðkomandi dómara, sem síðar sama dag dæmdi annan hundinn í tegundahópi.

Sunnudaginn 24.júlí fór kærða ítrekað inn í dómhring meðan verið var að dæma dvergschnauzerhunda, þar á meðal hunda í eigu hennar og/eða úr ræktun hennar. Daginn áður hafði kærða setið við hlið dómarans í starfsmannatjaldi við úrslitahring auk þess að hafa væntanlega verið í gestgjafahlutverki í hátíðarkvöldverði með dómurunum kvöldið áður eins og myndir með innsendri kæru sýna.

Telja kærendur að kærða hafi einnig hugsanlega gerst brotleg við 28. gr. sýningareglna HRFÍ með því að skrá og láta sýna hunda á þessum sýningum, því jafnvel þó kærða beri ekki eiginlegt starfsmannamerki á sýningasvæðinu, þá mætti dómurum ljóst vera að hún er starfsmaður sýningar auk þess að vera í gestgjafahlutverki ofl.

Kærendur tiltaka eftirfarandi úr reglum félagsins:

Úr grundvallarreglum fyrir félagsmenn í Hundaræktarfélagi Íslands:

1.3. Koma þannig fram í tengslum við sýningar, próf eða keppnir að það hafi ekki áhrif á tækifæri annarra hunda til að fá réttlátan dóm. Félagsmaður skal ekki tjá sig á meiðandi hátt um um hunda annarra, starfsmenn HRFÍ og/eða þátttakendur í viðburðum á vegum félagsins, hvort sem er í ræðu eða riti, á prenti eða á vefnum. Gildir þetta jafnt á viðburðum félagsins sem utan þeirra.

Úr sýningarreglum:

21. Stranglega er bannað að reyna að hafa áhrif á sanngjarnt gengi hunda í dóm. Einnig er bannað að annar aðili en sýnandi, innan eða utan hrings, hafi eða reyni að hafa áhrif á sýningu hunds. Sýnandi má ekki ræða við dómarann að fyrra bragði þegar hundurinn er í dóm. Erindum skal beina til hringsjóra. Óviðkomandi fólk má ekki fara inn í sýningarhring þegar verið er að dæma í honum.

28. Dómaranemi og dómaraefni mega hvorki skrá né sýna hund á sýningu hjá dómara sem þeir læra hjá á sýningunni. Öðru starfsfólki í dómhring, þ.m.t. hringstjóranemum, er einnig óheimilt að skrá eða sýna hund hjá dómara sem það starfar með á sýningunni, nema hundur hafi lokið keppni þegar störf hefjast. Þetta á einnig við um úrslit. Þessir aðilar mega skrá og sýna hjá öðrum dómurum sýningar. Annað starfsfólk á sýningu má skrá og sýna hunda. Þó er því óheimilt að bera starfsmannamerki eða önnur auðkenni sem gefa til kynna að viðkomandi sé starfsmaður sýningar.

Í svari kærðu kemur fram að hún viðurkennir fúslega að það var klaufalegt hjá sér að merkja dómara sem var ekki búinn að klára að dæma hund hennar í pósti á facebook um gott gengi, en þegar það var gert taldi hún að öruggt að hann væri búinn að dæma hundana þann daginn og því var þessi póstur settur inn í algjöru hugsunarleysi. Um leið og henni var bent á að hann mundi jafnframt dæma tegundahóp 2 í úrslitum þennan sama dag, þá eyddi hún þessum status strax og hékk hann inni aðeins í stuttan tíma (ca 20.mín) og allan þann tíma var dómari að dæma í hring 1 (hringstjóri getur staðfest það að dómari var ekki með GSM-síma inní hring og sá hann aldrei né hafði hann hugmynd að þessir hundar væru í hennar eigu.

III. Forsendur

Í Grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ, grein 1.3. segir m.a.:

„Koma þannig fram í tengslum við sýningar, próf eða keppnir að það hafi ekki áhrif á tækifæri annarra hunda til að fá réttlátan dóm”

og í 21. grein sýningarreglna félagsins segir:

„Stranglega er bannað að reyna að hafa áhrif á sanngjarnt gengi hunda í dóm. Einnig er bannað að annar aðili en sýnandi, innan eða utan hring, hafi eða reyni að hafa áhrif á sýningu hunds”.

Það liggur fyrir í málinu að kærða tjáði sig í fésbókarfærslu og merkti hana dómaramum um frammistöðu hunda sinna á sýningu félagsins laugardaginn 23. júlí án þess að gera sér grein fyrir því að sami dómari hafði ekki lokið við að dæma hundana. Það verður að teljast algert dómgreindarleysi af hálfu kærðu, og er það mat siðanefndar að kærða hafi gerst brotleg við grein 1.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Það skal tekið skýrt fram að það er mat siðanefndar að allir þeir sem dæma á sýningum HRFÍ láta ekkert trufla sig og ekkert bendir til þess að færsla á fésbókarsíðu kærðu hafi á nokkurn hátt breytt álit dómarsins síðar um daginn.

Í 28. grein sýningarreglna segir:

„Dómaranemi og dómaraefni mega hvorki skrá né sýna hund á sýningu hjá dómara sem þeir læra hjá á sýningunni. Öðru starfsfólki í dómhring, þ.m.t. hringstjóranemum, er einnig óheimilt að skrá eða sýna hund hjá

dómara sem það starfar með á sýningunni, nema hundur hafi lokið keppni þegar störf hefjast. Þetta á einnig við um úrslit. Þessir aðilar mega skrá og sýna hjá öðrum dómurum sýningar. Annað starfsfólk á sýningu má skrá og sýna hunda. Þó er því óheimilt að bera starfsmannamerki eða önnur auðkenni sem gefa til kynna að viðkomandi sé starfsmaður sýningar.”

Það verður ekki séð af innsendu kæruefni né myndum sem því fylgdi að kærða hafi brotið þessa reglu. Kærða klæddist fötum merktum fóðursala og er það ekki kæruefni að mati siðanefndar.

IV. Niðurstaða.

Það er mat siðanefndar að kærða, Þ, hafi sýnt af sér gáleysi með umfjöllun sinni á netmiðlum um frammistöðu hunda sinna og hafi með því gerst brotleg við gr. 1.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ og við grein 21. í sýningarreglum félagsins. Þá liggur það fyrir að kærða hefur einu sinni áður á síðustu þremur árum gerst brotleg við reglur félagsins og sætir því áminningu öðru sinni.

Kærða er áminnt öðru sinni.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir